

---

Skýrsla um starfsemi  
yfirkattanevndar  
á árinu 2018

---

# 1. Hlutverk yfirskattanefndar

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, og öðrum lögum þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur nefndarinnar.

Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Ákvörðunum nefndarinnar verður því ekki skotið til fjármála- og efnahagsráðherra eða annars aðila innan stjórnarsýslunnar.

Verkefnum yfirskattanefndar má skipta í fimm flokka:

- Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur í fyrsta lagi til kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, svo og vegna annarra ákvarðana ríkisskattstjóra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Samkvæmt þessu má m.a. skjóta til nefndarinnar ákvörðunum (úrskurðum) ríkisskattstjóra um tekjuskatt (lög nr. 90/2003), útsvar (lög nr. 4/1995), tryggingagjald (lög nr. 113/1990), virðisaukaskatt (lög nr. 50/1988) og bifreiðaskatta (lög nr. 87/2004 og nr. 39/1988). Jafnframt úrskurðar yfirskattanefnd um kærur vegna bindandi álita sem ríkisskattstjóri lætur uppi samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum. Tiltekna sektarákvarðanir ársreikningaskrár og ákvarðanir ríkisskattstjóra um endurgreiðslur virðisaukaskatts eru einnig kærnanlegar til yfirskattanefndar.
- Í öðru lagi úrskurðar yfirskattanefnd um ágreining innflytjenda og tolyfirvalda í tollamálum, þar á meðal vegna ákvörðunar tollstjóra um gjaldskyldu, tollverð og tollflokkun. Einnig má kæra bindandi álit tollstjóra um tollflokkun vöru til yfirskattanefndar.
- Í þriðja lagi úrskurðar yfirskattanefnd í ágreiningsmálum vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um erfðafjárskatt, og um stimpilgjald, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um stimpilgjald.
- Í fjórða lagi hefur yfirskattanefnd með höndum afgreiðslu mála sem skattrannsóknarstjóri ríkisins vísar til nefndarinnar með kröfu um ákvörðun sekta vegna meintra brota á skattalögum og/eða lögum um bókhald og ársreikninga. Yfirskattanefnd ákveður með úrskurði hvort gjaldanda sé gert að sæta sekt eða kröfu skattrannsóknarstjóra synjað.
- Í fimmta lagi fellur undir úrskurðarvald yfirskattanefndar að fjalla um ágreining um fjárhæð endurgreiðslu til kvikmyndaframleiðenda og hvað teljist vera framleiðslukostnaður kvikmynda, sbr. lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

## 2. Tölulegar upplýsingar

### 2.1. Kærur og önnur mál til yfirskattanefndar árið 2018

Í ársbyrjun 2018 voru 73 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en þar af lágu málgögn og eftir atvikum umsögn viðkomandi stjórnvalds fyrir í 37 málum sem voru þannig tilbúin til meðferðar.

Á árinu 2018 bárust yfirskattanefnd 209 mál til meðferðar. Þar af var 161 kæra vegna ákvarðana ríkisskattstjóra, 16 kærur vegna ákvarðana tollstjóra og tvær kærur vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt eða stimpilgjald, þ.e. alls 179 kærumál. Mál frá skattranssóknarstjóra ríkisins til ákvörðunar um skattsekt voru 30 talsins.

Hvað snertir kærur vegna ákvarðana ríkisskattstjóra skal þess getið að 31 kæra var vegna tveggja málaflokka sem ekki hafa áður verið til efnisúrlausnar hjá yfirskattanefnd. Ræðir hér annars vegar um ákvarðanir um heimilisfesti manna samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt og hins vegar um ákvarðanir ríkisskattstjóra á grundvelli laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð.

Ný mál til yfirskattanefndar voru samkvæmt framangreindu heldur fleiri en á árinu 2017. Almennu hefur málum til nefndarinnar þó fækkað á undanförunum árum. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 1. Ný mál á árunum 2013–2018.

	2013	2014	2015	2016	2017	Meðaltal 2013-2017	2018
Kærur	306	313	231	212	151		179
Sektarmál	44	32	20	37	37		30
<b>Samtals</b>	<b>350</b>	<b>345</b>	<b>251</b>	<b>249</b>	<b>188</b>	<b>277</b>	<b>209</b>

### 2.2. Afgreidd mál árið 2018

Á árinu 2018 kvað yfirskattanefnd upp 202 úrskurði. Þá lauk fjórum málum með öðrum hætti, oftast þannig að kærandi afturkallaði kæru sína. Samtals voru því afgreidd 206 mál hjá yfirskattanefnd árið 2018. Samanburður við afgreidd mál á fimm síðustu árum kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 2. Afgreidd mál á árunum 2013–2018.

	2013	2014	2015	2016	2017	Meðaltal 2013-2017	2018
Úrskurðir							
– kærumál	363	280	313	243	177		162
– sektarmál	29	41	46	32	25		40
Annað	16	10	9	5	6		4
<b>Samtals</b>	<b>408</b>	<b>331</b>	<b>368</b>	<b>280</b>	<b>208</b>	<b>319</b>	<b>206</b>

Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir afgreiðslu mála hjá yfirkattanefnd árið 2018. Kemur þar fram móttökuár þeirra mála sem afgreidd voru á árinu.

Tafla 3. Afgreidd mál á árinu 2018.

Komuár	Mál til meðferðar 1.1.2018	Ný mál á árinu	Úrskurðir	Önnur málok	Samtals afgreidd mál	Ólokið 31.12. 2018
2017	73		73		73	
2018		209	129	4	133	76
<b>Samtals</b>	<b>73</b>	<b>209</b>	<b>202</b>	<b>4</b>	<b>206</b>	<b>76</b>

Eins og taflan ber með sér var á árinu 2018 lokið við öll mál sem voru til meðferðar frá fyrra ári. Þá voru rúmlega 60% mála sem bárust á árinu 2018 afgreidd á sama ári.

### 2.3. Niðurstöður mála

Í töflu 4 kemur fram skipting úrskurða yfirkattanefndar árið 2018, annarra en úrskurða í sektarmálum, eftir því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa kæranda er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða ákvörðun stjórnvalds er felld úr gildi. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem hin kærða ákvörðun stendur óhöggvæð sökum þess að kröfu kæranda er hafnað að öllu leyti eða ef máli er vísað frá yfirkattanefnd. Þá er í töflunni hliðstæð flokkun úrskurða yfirkattanefndar um skattsektir, þ.e. hvort sekt var ákvörðuð eða ekki. Í síðari flokkinn falla m.a. sektarmál sem vísað var frá nefndinni af ýmsum ástæðum. Til samanburðar eru tölur tveggja fyrri ára.

Tafla 4. Niðurstöður úrskurða árin 2016, 2017 og 2018.

Ár	Kærumál			Skattsektarmál		
	Fjöldi úrskurða	Lækkun gjalda	Önnur niðurstæða	Fjöldi úrskurða	Sekt	Ekki sekt
Árið 2016	244	51 (21%)	193 (79%)	31	26	5
Árið 2017	177	55 (31%)	122 (69%)	25	23	2
Árið 2018	162	52 (32%)	110 (68%)	40	36	4

Í töflu hér að neðan er að finna nánari sundurliðun úrskurða í kærumálum á árinu 2018, alls 162 úrskurðir, með tilliti til niðurstöðu þeirra. Flokkurinn „Fallist á kröfu að öllu leyti“ tekur m.a. til þess þegar hinn kærði úrskurður eða ákvörðun er felld úr gildi vegna annmarka á meðferð máls, einnig þegar það leiðir til þess að kæru er vísað til meðferðar stjórnvalds að nýju. Flokkurinn „Kæru vísað til meðferðar að nýju“ á þannig aðallega við um tilvik þegar kæruefni hefur ekki verið lagt fyrir stjórnvald eða mál af annarri ástæðu ekki fengið fullnægjandi meðferð hjá stjórnvaldinu.

Tafla 5. Niðurstöður úrskurða í kærumálum árið 2018.

Stjórnvald	Fallist á kröfu að öllu leyti	Fallist á kröfu að hluta	Kæru vísað til meðferðar að nýju	Kæru hafnað eða vísað frá
Ríkisskattstjóri	29	16	33	67
Tollstjóri	2	4		6
Sýslumenn	1		2	1
Endurgr.kvikm.				1
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>20</b>	<b>35</b>	<b>75</b>

#### 2.4. Gjaldabreytingar yfirskattanevndar

Samkvæmt lögum um yfirskattanevnd er meginregla að viðkomandi stjórnvald (ríkisskattstjóri, tollstjóri, sýslumaður) skal framkvæma gjaldabreytingar sem stafa af úrskurði yfirskattanevndar. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að yfirskattanevnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Hefur sú heimild verið nýtt hvað snertir (a) tekjuskatt og önnur gjöld til ríkissjóðs sem ríkisskattstjóri leggur á einstaklinga eða lögaðila samhliða tekjuskatti, (b) útsvar og (c) virðisaukaskatt vegna viðskipta innanlands.

Í töflu 6 er að finna yfirlit um gjaldabreytingar sem leitt hafa af úrskurðum yfirskattanevndar á árinu 2018 og nefndin hefur tilkynnt til innheimtumanns. Breytingar á yfirfæranlegu tapi eru ekki taldar til gjaldabreytinga í þessu sambandi. Jafnframt kemur fram í töflunni fjárhæð ákvarðaðra skattsekta á árinu svo og fjárhæð málskostnaðar sem úrskurðaður hefur verið til greiðslu úr ríkissjóði. Til samanburðar eru fjárhæðir fyrir árið 2017.

Til viðbótar gjaldabreytingum samkvæmt þessu yfirliti koma breytingar á aðflutningsgjöldum og öðrum sköttum eða gjöldum sem stjórnvöld framkvæma vegna úrskurða yfirskattanevndar.

Tafla 6. Yfirlit um tilkynntar gjaldabreytingar, skattsektir og málskostnað samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar árið 2018.


	Árið 2018	Árið 2017
Tekjuskattur og önnur gjöld til ríkissjóðs sem lögð eru á samhlíða álagningu tekjuskatts, þ.m.t. hækkun frádráttarliða (barnabætur, vaxtabætur o.fl.)	-149.026.651	-577.311.320
Útsvar	-5.901.587	-32.034.756
Virðisaukaskattur	-3.078.949	-54.631.078
<b>Alls lækkun gjalda</b>	<b>-158.007.187</b>	<b>-663.977.154</b>
<b>Skattsektir (mál frá SRS)</b>	<b>267.400.000</b>	<b>209.000.000</b>
<b>Málskostnaður úr ríkissjóði</b>	<b>2.225.000</b>	<b>2.835.000</b>

## 2.5. Mál til meðferðar í árslok 2018

Í árslok 2018 voru 76 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Þar af voru 29 mál til umsagnar hjá embætti ríkisskattstjóra eða öðru stjórnvaldi eða höfðu ekki verið send til umsagnar í árslok, auk þess sem tíu mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins voru til athugunar hjá skattaðilum. Þannig voru 37 mál tilbúin til meðferðar fyrir nefndinni. Fjögur þeirra mála voru komin fram yfir úrskurðarfrest nefndarinnar.

Á mynd 1 er að finna yfirlit um mál sem til meðferðar voru í árslok 2013–2018, sundurliðað eftir því hversu lengi mál hafði beðið afgreiðslu.

Mynd 1. Mál til meðferðar í árslok 2013–2018, sundurliðað eftir aldri.




## 2.6. Málsmeðferðartími

Samkvæmt lögum um yfirskattanefnd er hámarksfrestur nefndarinnar til að úrskurða kærur u.þ.b. 7,5 mánuðir. Á mynd 2 er gerð grein fyrir málsmeðferðartíma eins og hann reiknast í árslok árin 2013–2018. Málsmeðferðartími er hér miðaður við hlutfall óafgreiddra mála í árslok af fjölda afgreiddra mála á árinu (veltuhraði óafgreiddra mála

í árslok). Málsmeðferðartími reiknast 4,4 mánuðir í lok ársins 2018. Er það lítillega lengri tími en í lok tveggja ára þar á undan.

Mynd 2. Málsmeðferðartími í árslok árin 2013–2018, reiknaður í mánuðum.



## 2.7. Þjónusta við aðrar úrskurðarnefndir

Í október 2014 varð að samkomulagi fyrir atbeina fjármála- og efnahagsráðuneytisins að úrskurðarnefnd um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána fengi aðstöðu í húsnæði yfirskattanefndar og að starfsmenn yfirskattanefndar myndu jafnframt sinna verkefnum fyrir úrskurðarnefndina. Einn starfsmaður yfirskattanefndar vann að hluta fyrir úrskurðarnefndina á árinu 2018 við undirbúning og frágang úrskurða hennar.

## 2.8. Birting úrskurða

Úrskurðir yfirskattanefndar, sem teljast hafa almenna þýðingu, eru birtir á vef nefndarinnar. Úrskurðir ársins 2018, sem féllu í þennan flokk, voru allir birtir innan 30 daga frá því að þeir voru kveðnir upp. Á árinu var að mestu lokið við það verkefni að ganga frá úrskurðum frá eldri árum (fyrir árið 2011) til birtingar á vefnum.

### 3. Nefndarmenn og starfsmenn

Í yfirskattanefnd skulu eiga sæti sex menn, þar af fjórir sem hafa starfið að aðalstarfi. Nefndarmenn eru skipaðir til starfa til sex ára í senn. Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar, þ.e. 1. júlí 1992, voru tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára.

Í lok júní 2018 lét Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi, af starfi sínu sem nefndarmaður í hlutastarfi. Nýr nefndarmaður í hans stað var ekki skipaður á árinu. Í september var Ólafi Ólafssyni veitt leyfi frá starfi formanns yfirskattanefndar tímabilið 1. október 2018 til 30. september 2019. Sverrir Örn Björnsson var settur til að gegna starfi formanns þennan tíma en Ólafur var settur varaformaður sama tímabil.

Nefndarmenn, sem höfðu starfið að aðalstarfi á árinu 2018, voru:

- Anna Dóra Helgadóttir, lögfræðingur.
- Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, formaður yfirskattanefndar til 30. september og varaformaður frá þeim tíma.
- Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur, varaformaður yfirskattanefndar til 30. september og formaður frá þeim tíma.
- Þórarinn Egill Þórarinsson, lögfræðingur.

Nefndarmenn í hlutastarfi á árinu 2018 voru:

- Bjarnveig Eiríksdóttir, hdl.
- Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi, til 30. júní.

Júlíus Smári, lögfræðingur, gegndi starfi skrifstofustjóra yfirskattanefndar. Auk hans og þeirra nefndarmanna, er hafa starfið að aðalstarfi, voru meginhluta ársins 2018 fimm starfsmenn hjá yfirskattanefnd. Ársverk voru 9,5 en voru 9,9 á fyrra ári.



## 4. Útdráttur úr ársreikningi fyrir árið 2018

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	2018	2017
<b>Tekjur</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	184.100.000	181.637.308
Framlög og ýmsar tekjur .....	0	631.326
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	798.338	658.509
<b>Tekjur samtals</b>	<u>184.898.338</u>	<u>182.927.143</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	138.038.734	135.335.699
Annar rekstrarkostnaður .....	37.375.248	34.711.356
Afskriftir .....	798.338	658.509
<b>Gjöld samtals</b>	<u>176.212.320</u>	<u>170.705.564</u>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	8.686.018	12.221.579
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	<u>(1.989)</u>	<u>(103)</u>
<b>Afkoma ársins</b>	<u><u>8.684.029</u></u>	<u><u>12.221.476</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	3.915.417	3.094.924
Aðrar eignir .....	0	10.492
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<u>3.915.417</u>	<u>3.105.416</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Tengdir aðilar .....	51.852.743	45.335.825
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	228.824
Handbært fé .....	15.829	15.764
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<u>51.868.572</u>	<u>45.580.413</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>55.783.989</u>	<u>48.685.829</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Hrein eign .....	38.245.505	29.561.476
<b>Eigið fé samtals</b>	<u>38.245.505</u>	<u>29.561.476</u>
 <b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Tengdir aðilar .....	0	10.000
Viðskiptaskuldir .....	779.644	1.440.503
Ýmsar skammtímaskuldir.....	13.151.762	14.568.434
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	3.607.078	3.105.416
	<u>17.538.484</u>	<u>19.124.353</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<u>17.538.484</u>	<u>19.124.353</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>55.783.989</u>	<u>48.685.829</u>